

SKJAL NR. X 395  
MÓTTEKIÐ TIL ÞINGLÝSINGAR

17 JAN. 2007

Þinglýsingargjald KR.  
Stimpilgjald KR.  
Samtals KR.

1350

SKJAL ÞETTA SAMDI:  
BRYNJÓLFUR EYVINDSSON, HÖL.  
KT. 081253-5879. 3.9.


Við undirritaðir, Merlin ehf., kt. 460904-2850, Hamraborg 7, Kópavogi, í samningi þessum nefndur seljandi, annars vegar, og VIP group ehf., kt. 681205-3810, Gauksási 17, Hafnarfirði, í samningi þessum nefndur kaupandi, hins vegar, aðilar að kaupsamningi dags. 11. ágúst 2006 um eignarhluta nr. 02 0101 í fasteigninni nr. 7 við Stapahraun í Hafnarfirði, gerum með okkur eftirfarandi samkomulag: *207 9296 HS.*

1. Kaupandi samþykkir að seljandi byggi nýtt ca. 500 fermetra hús á lóðinni Stapahraun 9 og veitir seljanda umboð til að undirrita fyrir sína hönd væntanlegan eignaskiptasamning vegna bakhúss nr. 7 við Stapahraun (fastanúmer 207-9296) og fyrirhugaðrar fasteignar við Stapahraun 9. Forsendur eignaskiptasamningsins skulu m.a. byggjast á því að fyrirhuguð nýbygging á lóðinni nr. 9 við Stapahraun verði allt að 5 eignarhlutar ca. 100 fermetra hver. Að sama skapi veitir seljandi kaupanda umboð til að undirrita fyrir sína hönd væntanlegan eignaskiptasamning vegna framhúss nr. 7 við Stapahraun (fastanúmer 207-9297).
2. Seljandi samþykkir að kaupandi reki gistiheimili í eignarhluta 02 0101 enda sjái kaupandi um öflun allra tilskilinna leyfa fyrir slíkum rekstri.
3. Kaupandi annast á sinn kostnað lokun á tveimur gönguleiðum milli framhúss og eignarhluta nr. 02 0101.
4. Seljandi tekur að sér eftirgreinda verkþætti:
  - a. Stofnun lóðafélags vegna Stapahrauns 7-9, Hafnarfirði. Kaupandi greiðir kostnað vegna stofnsamnings fyrir lóðafélagið, að hámarki kr. 50.000 og skal gerð hans lokið fyrir 15. ágúst 2006.
  - b. Seljandi mun láta gera eignaskiptasamning vegna fyrirhugaðs húss á lóðinni nr. 9 við Stapahraun um leið og byggingu hússins lýkur og ber kostnað af því. Að sama skapi ber kaupandi kostnað við gerð eignaskiptasamnings vegna fasteignarinnar nr. 7 við Stapahraun verði slíkur samningur gerður.
  - c. Teiknivinnu vegna breytinga á eignarhluta 02 0101. Kaupandi greiðir þennan kostnað, sem skal vera á bilinu kr. 100.000 til kr. 300.000. Kaupanda skal kynnt kostnað vegna teiknivinnu áður en ráðist verður í hana.
  - d. Að skipta upp hitakerfum húsanna.

Reykjavík, 11. ágúst 2006.

f.h. Merlin ehf.

f.h. VIP ehf.



*Jón U. Ólafsson*

*Lena Shekarvynska*

*Vilji A. Vilji, Allt -  
Þing Eyvindsson*